

ákærður hafa orðið hræddur og fór því með peningana niður í Flosaport og faldi þá þar. Þar vísaði ákærður á þá, en þá var búið að róta ýmsu til í portinu, og fundust ekki nema kr. 3155.00. Ákærður kveðst aldrei hafa talið peningana.

Með þessum þjófnaði hefir ákærður gerzt sekur við 6. gr. laga nr. 51 1928. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhúsvinna. Þá ber og að dæma hann til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Málið hefir verið rekið vitalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Kristvin Guðbrandsson, sæti 8 mánaða betrunarhúsvinnu.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 6. maí 1938.

Nr. 7/1938. Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f

(Theódór B. Lindal)

gegn

Sigbirni Ármann

(Einar B. Guðmundsson).

Bætur vegna bifreiðaslyss.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu útgefinni 18. jan. þ. á., hefir krafizt algerðrar sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að sök af bifreiðarslysi því, er í hinum áfrýjaða dómi segir, verði skipt eftir mati dómsins. Svo krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Á það verður að fallast, sem segir í hinum áfrýjaða dómi, að stefndi hafi sýnt mikla óvarkárni, er orsök hafi orðið í slysi því, er hann varð fyrir og í máli þessu getur. Það verður og að telja, að ekki sé útilokað, að slysinu hefði orðið afstýrt, ef bifreiðarstjórinn á R. E. 846 hefði stöðvað bifreið sína fyrr en raun varð á, og ekki heldur sannað, að honum hafi verið það ómögulegt. Verður því að telja bæði stefnda og bifreiðarstjóran þannig við slysið riðna, að skipta beri skaðanum til helminga, þannig, að annan helminginn beri áfrýjandi og stefndi sjálfur hinn.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, er samtals þykir hæfilega ákveðinn 400 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi beri helming tjóns þess, er varð af bifreiðarslysi því, er stefndi varð fyrir 14. sept. 1937, en stefndi beri hinn helminginn sjálfur.

Áfrýjandi, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði stefnda, Sigbirni Ármann, samtals 400 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. jan. 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 23. nóv. þ. á. af Sigbirni Ármann kaupmanni, Njálsgötu 96 hér í bæ, gegn Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f., hér í bænum, og eru dómkröfur stefnanda í því þær, að ákveðið verði með

dóminum, að bifreiðarstjórinn á bifreiðinni R. E. 846 eigi alla sök á siðargreindu slysi, og að stefndur verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefir samþykkt, að máli þessu sé beint gegn sér sem váttryggjanda bifreiðarinnar R. E. 846 án þess, að bifreiðareigandanum væri stefnt, og gerir hann þær réttarkröfur *aðallega*, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda, en *til vara*, að sökinni á slysinu verði skipt skv. mati réttarins. Málskostnaðar krefst stefndur hvernig sem málið fer.

Málsatvik eru þau, að 14. sept. s. l. kl. 23.15 tók stefnandi sér far með strætisvagni frá Lækjartorgi áleiðis heim til sín á Njálsgötu 96. Stöðvaði (sic) strætisvagninn á gatnamótum Njálsgötu og Barónsstígs, á vinstri brún Njálsgötu vestan Barónsstígs, og hleypti nokkrum farþegum þar út, og var stefnandi meðal þeirra. Er svo að sjá sem nokkuð margir farþegar hafi farið þarna út úr vagninum, og að stefnandi hafi verið meðal þeirra seinustu, er út fóru. Um leið og hann sté út virðist vagninn hafa haldið áfram, en hann var á leið suður Barónsstíg. Gekk stefnandi síðan nokkur skref með vagninum út á Barónsstíg, þannig að vagninn var á hægri hönd hans og sá stefnandi því ekki suður Barónsstíginn. Var stefnandi kominn nokkuð út á Barónsstíg, þegar strætisvagninn var allur kominn fram hjá honum og honum opnaðist útsýn suður stíginn, en í sama bili og það varð, sá hann bifreið koma sunnan stíginn á miklum hraða og bjóst hann við, að hún myndi aka á sig. Flýtti stefnandi sér nú sem mest hann mátti austur yfir stíginn, en sér í sama bili bifreiðina R. E. 846, sem ekið var suður Barónsstíg og þá var kominn svo nálægt stefnanda, að óhjákvæmilegt var, að árekstur yrði. Sá stefnandi þegar, hvað verða vildi, og gat snúið sér við til hálfs og ýtt sér frá hægri frambretti bifreiðarinnar með vinstri hendi, en lenti þó á brettið og féll frá bifreiðinni á götuna og hlaut við það nokkur meiðsl.

Telur stefnandi, að bifreiðarstjórinn á R. E. 846 eigi alla sök á slysinu, en þar eð stefndur vill ekki viðurkenna, að svo sé, heldur telur stefnanda sjálfan og bifreiðina, sem ók norður Barónsstíginn og stefnandi var að forða sér undan, eiga alla sök á því, hefir stefnandi höfðað mál þetta og gert í því áðurgreindar kröfur.

Rannsókn sú, sem fram fór hjá lögreglunni út af slysinu, virðist, eftir því sem fyrir réttinum liggur, aðeins vera framkvæmd af lögregluþjóni, og er hún ekki eins greinileg um ýmislegt, sem slysið varðar, og æskilegt hefði verið. Hvað viðvikur hraða R. E. 846, eru sjónarvottar að slysinu og stefnandi sammála um, að hann hafi ekki verið tiltakanlega mikill, eða jafnvel fremur hægur. Bifreiðarstjórinn hefir þó skýrt svo frá, að hann hafi hemlað bifreiðina um leið og stefnandi lenti á henni, og að stefnandi hafi legið móts við afturhjóla hennar, er hún var stöðvuð. Þegar slysið skeði, var myrkur og regn, en gatan á slysstaðnum er malbikuð og hefir því verið rennblaut. Í 6. gr. bifreiðalaganna segir m. a., að við vegamót, þar sem sleipt sé og þar sem mikil umferð sé, megi ekki aka hraðar en svo, að stöðva megi bifreiðina þegar í stað. Slíkar aðstæður virðast hafa verið hér fyrir hendi, en samt rann bifreiðin, sem þó hafði góða hemla, líklega um tvo metra frá því að hún var hemluð og þar til hún stöðvaðist, eins og kemur fram af því, hvar stefnandi lá eftir slysið, miðað við bifreiðina.

Því er ákveðið haldið fram af stefnanda, að ljós R. E. 846 hafi ekki verið í góðu lagi, er slysið varð. Hægra ljósker bifreiðarinnar hafi vísað upp, í stað þess að lýsa beint fram, og hafi þetta valdið því, að hann hafi talið vinstra ljósið vera það hægra og því talið bifreiðina fjær sér en hún var. Ennfremur telur hann, að þetta hafi valdið því, að bifreiðarstjórinn hafi tekið eftir sér síðar, en ef ljósið hefði verið í lagi.

Af hálfu stefnds er því neitað, að ljósið hafi verið í þannig löguðu ólagi, að það eigi nokkurn þátt í slysinu. Hefir verið lögð fram álitssgerð tveggja bifreiðarstjóra um þetta, og telja þeir, „að eins og á stóð“ hafi það engin áhrif haft um slysið, þótt ljóskerið vísaði upp á við. Álitssgerð þessi virðist þó vera gersamlega þýðingarlaus í málinu, þar eð menn þessir voru hvergi nærri, er slysið skeði, og virðast enga aðstöðu hafa haft til að vita, hvernig ljósið vísaði, er slysið varð, og óupplýst er, á hverju þeir byggja þetta álit sitt, enda er upplýst, að það fyrsta, sem bifreiðarstjórinn gerði eftir slysið, var að laga ljóskerið áður en hann hjálpaði stefnanda, er lá á götunni. Þykir þetta benda ákveðið til þess, að bifreiðarstjórinn hafi að einhverju leyti

kennt ljósinu um slysið, enda þótt ósannað sé í málinu, hvern þátt það hefir átt í því, að svo fór sem fór.

Að þessu hvorutveggja, hraða bifreiðarinnar og því, er nú var sagt um ljósin, athuguðu, þykir verða að telja, að hvorki sé það sannað í máli þessu, að bifreiðarstjórinn hafi ekið með þeirri varkárni og aðgæzlu, sem honum bar eftir öllum aðstæðum, né að ljós bifreiðarinnar hafi verið í eins góðu lagi og krefjast verður, eins og birtu og veðri var háttað. Og með því að ekki er upplýst, að slysið hefði hlotið að vilja til, jafnvel þótt svo hægt hefði verið ekið, að bifreiðin hefði getað stöðvazt jafnskjótt og hún var hemluð, eins og fyrirskipað er í 6. gr. bifreiðarlaganna undir samskonar kringumstæðum og hér voru, og jafnvel þótt ljósin hefðu verið í fullkomnu lagi, þá verður samkv. ákvæðum bifreiðalaganna að telja, að bifreiðarstjórinn á R. E. 846 eigi sök á umræddu slysi, og kemur þá næst til álita varakrafa stefnds um, að ákveðið verði, að stefnandi eigi sjálfur sök á slysinu að nokkru leyti, þ. e. að sökinni verði skipt.

Þess er áður getið, að þegar stefnandi sté úr úr strætisvagninum, gekk hann þegar í stað áleiðis austur yfir Barónsstíg, og að vagninn byrgði honum útsýn suður stigin. Bifreiðaumferð er allt af mjög mikil um Barónsstíg, og má telja það alkunnugt, a. m. k. þeim, er í nánd við hann búa, eins og stefnandi gerði, að bifreiðar aka þar yfirleitt mjög hratt.

Rétturinn verður því að telja það svo mikla óvarkárni af stefnanda að ganga þannig út á stigin, að hafa ekki möguleika til að sjá til bifreiða sunnan hann, að taka beri varakröfu stefnds um skiptingu sakarinnar til greina, enda virðist ein aðalorsök slyssins sú, að stefnandi taldi sig þurfa að flýta sér undan bifreið þeirri, er að sunnan kom, strax þegar hann sá hana vegna vagnsins. Í samræmi við þetta og að öllu athuguðu þykir sökinni réttilega skipt þannig, að ákveðið sé, að bifreiðarstjórinn á R. E. 846 eigi $\frac{2}{3}$ hluta hennar, og stefndum beri því að bæta stefnanda tjón hans að $\frac{2}{3}$ hlutum, en að stefnandi eigi sjálfur $\frac{1}{3}$ hluta sakarinnar, og beri því tjón sitt að $\frac{1}{3}$ hluta sjálfur. Eftir þessum úrslitum ber að taka málskostnaðarkröfu stefnanda til greina, og þykir málskostnaður honum til handa eftir málavöxtum hæfilega ákveðinn kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Bífreiddarstjórinn, sem ók R. E. 846, þegar framan-geint slys varð, á sök á slysinu að $\frac{2}{3}$ — tveimur þriðju hlutum — og ber stefndum, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f., því að bæta stefnanda, Sigbirni Ármann, tjón hans vegna slyssins eftir sama hlutfalli. — Í málskostnað greiði stefndur stefnanda kr. 150.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. maí 1938.

Nr. 28/1938. Valdstjórnin (Sveinbjörn Jónsson)
 gegn

Sigurði Helga Ólafssyni
 (Lárus Jóhannesson).

Áfengislagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að ekki kemur nægilega skýrt fram í prófum málsins, í hvaða skyni þeir Halldór Benediktsson og Finnbogi Rútur Kolbeinsson keyptu áfengið af kærða né hvað af áfenginu hefir orðið.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.